

Vilhjálmur Árnason

Hvernig er hagnýtt siðfræði?

Aðferðir, annmarkar og áskoranir

Í þessari grein er rætt um aðferðafræði hagnýttar siðfræði,¹ einkum með hliðsjón af lífsiðfræði² sem er sú undirgrein hagnýttar siðfræði sem ég þekki best. Greint er á milli þriggja helstu aðferða sem beitt er við siðfræðilega greiningu úrlausnarefna, þeim lýst í megindráttum og mat lagt á kosti þeirra og takmarkanir. Heiti undirkafla greinarinnar, beiting kennisetninga, aðstæðugreining og ígrundaðir siðadómar, vísa til megineinkenna þessara þriggja aðferða. Í síðasta undirkaflanum, gagnrýnar hugleiðingar, velti ég því fyrir mér hvort þessar þrjár meginaðferðir hagnýttar siðfræði líði allar fyrir takmarkaða sýn á viðfangsefnin sem bæta þurfi upp með gagnrýnum fræðilegum sjónarhornum.

Beiting kennisetninga

Fyrsta aðferðin einkennist af því að einni af meginkenningum siðfræðinnar eða tilteknum kennisetningum er beitt á viðfangsefnið með þeim hætti að einstakar aðstæður eru felldar undir almennan siðadóm eða siðareglu. Þetta er raunar upphaflega hugmyndin að baki „hagnýttri siðfræði“, þ.e. að siðfræðilegar meginreglur eru hagnýttar með því að beita þeim af samkvæmni á einstök úrlausnarefni. Skýrt dæmi um þetta er þegar „hálfeygri“ kenningu³ á borð við nytjastefnu er beitt á siðfræðileg viðfangsefni, líkt og Peter Singer hefur gert af mikilli elju. Um bók sína *Practical Ethics* segir hann: „Ég hneigist til nytjastefnu og að sumu leyti má líta á

1 Greinin er byggð á erindi sem var flutt á málstofu um hagnýtta siðfræði, Hugvísindafélagi Háskóla Íslands, 15. mars 2014.

2 Lífsiðfræði (e. *bioethics*) er nú orðið viðtekið heiti yfir siðfræðilega greiningu á viðfangsefnum heilbrigðisþjónustu, lífvísinda og rannsókna á mönnum.

3 Sbr. Mikael M. Karlsson 1987: 2. Þetta orð hæfir vel í þessu samhengi því oft er talað um beitingu kenningar sem „top-down“-aðferð, þ.e. farið er ofan frá hálfeygri kenningu niður til einstakra úrlausnarefna.

Þessa bók sem tilraun til að sýna hvernig samkvæm nytjastefna myndi takast á við fjölmörg umdeild úrlausnarefni.⁴ Í samræmi við þetta ræðir Singer margvísleg siðferðileg úrlausnarefni samtímans – spurningar sem varða umgengni við dýr og umhverfi, upphaf og lok mannlífsins og fátækt á heimsvísu – í ljósi þess hvernig viðbrögð við þeim koma heim og saman við meginlögmál nytjastefnunnar.

Það er athyglisvert að Singer byrjar á að skilgreina sig með þeim orðum að hann „hneigist til nytjastefnu“; þannig fá lesendur að vita eftir hvaða brautum hann hugsar og sterk kenningatryggð einkennist gjarnan af því að viðkomandi fræðimenn lúta frumreglum hennar í einu og öllu. „Sem nytjastefnumenn“ hljóti þeir að taka þessa ákvörðun eða hina og deila þá ekki við dómarrann eða kennivaldið jafnvel þótt þeim líki ekki allskostar niðurstaðan. Singer notar orðalagið „samkvæm nytjastefna“ enda má telja þessari aðferð það einna helst til tekna að hún tryggir samkvæmni í málsmæðferð og niðurstöðum. Lesendur vita hvar þeir hafa slíka fræðimenn því þeir fylgja línunni sem lögð er niður í kenningunni sem þeir hneigjast til.

En þessi kenningatryggð og samkvæmni hefur afdrifaríka ókosti í siðfræðilegu samhengi. Sláandi dæmi um það má sækja til Mary Anne Warren sem skrifaði þekktu grein um réttmæti og lögmæti fóstureyðinga þegar sú umræða stóð sem hæst.⁵ Í greininni byggir Warren á þeirri meginhugmynd að einungis persónur hafi rétt til lífs og færir rök fyrir því að fóstur séu ekki persónur enda skorti þau til að mynda ályktunarhæfni, tjáskiptahæfni og sjálfsvitund. Mikil viðbrögð voru við þessari grein, meðal annars þau að sé fyllstu samkvæmni gætt leiði röksemdirnar til þess að hvítvoðungar hafi ekki heldur rétt til lífs. Þar sem hvítvoðungar eru almennt séðir sem varnarlausar mannverur sem við eigum óvenjuríkar skyldur við, meðal annars vegna skorts á þeim hæfileikum sem Warren telur einkenna persónur, þótti þessi niðurstaða stríða gegn almennri siðgæðisvitund (e. *counter-intuitive*). Slík mótbára við röksemdir er oftast talin nægileg ástæða til þess að endurskoða þær, en sá sem bindur trúss sitt öðru fremur við kennisetninguna sem gengið var út frá (í þessu tilviki „einungis persónur hafa rétt til lífs“ að viðbættu „það er einungis rangt að deyða þá sem hafa rétt til lífs“⁶) leggur mest upp úr samkvæmninni. Í samræmi við það skrifaði Warren eftirmála við grein sína þar sem hún færði rök fyrir því að hvítvoðungar væru sviptir lífi í vissum tilvikum: „[...] það leiðir af röksemdum mínum að þegar óvelkomið eða vanskapað barn fæðist inn í samfélag sem hefur ekki efni á og/eða þar sem ekki er vilji til þess að sjá um það, þá er eyðing þess leyfileg“.⁷ Skyldurnar eru við þær persónur sem láta sig barnið varða, ekki barnið sjálft.

Orðalagið „það leiðir af röksemdum mínum“ er athyglisvert í þessu samhengi. Ef til vill væri nákvæmara að segja „það leiðir af forsendum mínum“, því að aðferðin er fólgin í því að leiða niðurstöður röklega af kenningalegum forsendum.⁸ Meginvandi hagnýttar siðfræði er þá samkvæmt þessu að velja þær kennisetn-

4 Singer 1993: 14–15.

5 Warren 1973.

6 Sbr. umfjöllun hjá Vilhjálmi Árnasyni 2003: 227–230.

7 Warren 1984: 136.

8 Beauchamp og Childress 2001: 386.

ingar sem mynda meginforsendurnar því að þeim gefnum á að vera hægt að leiða fram niðurstöðu um hvaða siðferðilega vandamál sem er. En þessi nálgun býður þeirri hættu heim að eigna háfleygum kennisetningum siðfræðinnar mun meiri nákvæmni og gildi en viðfangsefnið leyfir. Með of mikilli nákvæmni á ég við að siðferðið er of flókið fyrirbæri til þess að falla undir einhlítar kennisetningar; þegar ég segi að kennisetningar öðlist of mikið gildi í þessari aðferð á ég við að þær eru notaðar til þess að trompa þá siðferðilegu visku sem fólgin er í hefðbundnu og starfstengdu siðferði og leiðréttu hversdagslega siðgæðisvitund fólks. Að þessu leyti til hefur kennisetningaleiðin á sér raunvísindalegt yfirbragð þar sem hversdagsleg skynjun manna er leiðrétt með tilvísun til kennisetninga sem byggja á tilraunum (líkt og þegar sú skynjun manna að sólin rísi og gangi til viðar er leiðrétt með því að sýna fram á að jörðin snúist um sólu).

Það er athyglisverð spurning hvort og þá hvernig nýta megi kennisetningar siðfræðinnar til þess að leiðréttu viðtekin siðferðileg viðhorf. Saga mannlegs siðferðis er morandi í margvíslegu ranglæti sem stangast á við allar helstu kennisetningar siðfræðinnar. En vandinn sem hér um ræðir er annars eðlis en hin almenna togstreita milli vel rökstuddra staðhæfinga og ranginda sem viðhaldið er með kúgun og valdbeitingu en standast ekki skoðun eða próf siðferðilegrar rökræðu. Misrétti milli kynja og kynþátta eru skýr dæmi um slíkt, meðal annars vegna þess að þar er brotið gegn þeirri grundvallarafstöðu að allir menn séu siðferðilegir jafningjar. Dæmið frá Mary Anne Warren gerir að vísu ráð fyrir því að hvítvoðungar séu ekki eiginlegir menn og því ekki siðferðilegir jafningjar okkar, en sú afstaða er fáránleg frá sjónarmiði hverdagslegrar siðgæðisvitundar. Slíka afstöðu er vita-skuld hægt að rökræða í fræðilegu samhengi og þar vegur rökleg samkvæmni þungt þótt ekki sé hún einhlít. Í réttnefndri fræðilegri rökræðu geta hvorki innsæi siðgæðisvitundarinnar né fræðilegar kennisetningar trompað önnur sjónarmið. Á þau verður einfaldlega að reyna í deiglu rökræðunnar og „þá höfum við gert allt, sem í valdi mannlegrar skynsemi stendur“.⁹

Málið verður síðan óhjákvæmilega flóknara í tilfelli hagnýttar siðfræði. Þar þarf að auki að taka sérstakt tillit til margvíslegra aðstæðna og þeirra aðila sem úrlausnarefnið varðar, svo sem fagvitundar og siðareglna viðkomandi starfsstétta. Þá getur sú viðleitni að beita kennisetningum á einhlítan og ósveigjanlegan hátt leitt til „harðstjórnar siðalögmálanna“, eins og Stephen Toulmin hefur komist að orði.¹⁰ Að hans mati er meginástæðan fyrir þeirri „harðstjórn“ ýkt áhersla á hið almenna á kostnað nákvæmrar greiningar á hinu einstaka. Krafan um fræðilega nákvæmni, sem á að tryggja með samkvæmum rökfærslum út frá almennum kennisetningum, snýst þá upp í andhverfu sína. Sígild áminning Aristótelesar er viðeigandi hér: „[...] einkenni menntaðs manns er að vænta nákvæmni í hvers kyns málum að því marki sem eðli málsins leyfir“.¹¹

Þrátt fyrir þessa gagnrýni er einn höfuðkostur kenninga í hagnýtri siðfræðigreiningu nákvæmni í meðferð hugtaka. En það varðar í sjálfu sér ekki beitingu

9 Mill 1970: 61.

10 Toulmin 1981.

11 Aristóteles 1995: I.210 (1094b).

kennisetninga í þeim skilningi sem hér hefur verið ræddur heldur meðvitund um merkingu þeirra lykilhugtaka sem notuð eru við greiningu á siðferðilegum úrlausnarefnum. Gott dæmi um þetta er sjálfræðishugtakið. Það getur til að mynda skipt miklu máli í umræðu um upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsóknnum hvort sá skilningur sem lagður er í sjálfræði er af ætt Kants eða Mills.¹² Mikið af gagnlegu framlagi heimspekinga til orðræðu hagnýtttrar siðfræði varðar einmitt útlistun á merkingu hugtaka. Það hefur hins vegar komið heimspekingum á óvart hve litlu máli það skiptir þegar á hólminn er komið í hagnýtttri siðfræðilegri greiningu hvaða kenningu þeir aðhyllast.¹³ Sé aðferðin sem kennd er við beitingu kennisetninga látin lönd og leið og þær fremur notaðar til þess að skerpa hugtök reynast þær ósjaldan vera gagnleg hjálpartæki í hagnýtttri siðfræði.

Almennt mætti segja að gagnsemi bæði almennra kenninga og einstakra kennisetninga við greiningu siðfræðilegra úrlausnarefni sé fólgin í því að þær feli í sér fræðileg sjónarhorn sem nýta má til að varpa ljósi á vandann, auðvelda bæði útlistun hans og rökstuðning fyrir sanngjarnri úrlausn. En forsenda þessa er að kennisetningarnar séu leystar úr fjötrum þeirrar einsýnu harðstjórnar sem hér hefur verið lýst. Þá geta þær orðið hjálpartæki sem auðga siðfræðilega greiningu í stað þess að njörva hana niður við ósveigjanlegar kennisetningar.¹⁴

Aðstæðugreining

Grunnhugmyndin í þeirri nálgun sem kennd er við aðstæðugreiningu er eiginlega heilbrigð skynsemi. Megináherslan hvílir á þekkingu á staðreyndum málsins og næmi fyrir aðstæðunum sem til skoðunar eru. Staðreyndir málsins fela í sér margvíslega þætti sem við teljum að jafnaði nauðsynlegt að hafa vitneskju um áður en siðferðileg ákvörðun er tekin. Vitaskuld ræðst þetta af tilvikunum hverju sinni og erfitt er að gera grein fyrir þeim almennt án þess að nefna dæmi. Svo vísað sé til umræðunnar um hvítvoðunga hér að framan, þá væri afar einkennilegt frá sjónarhóli aðstæðugreiningar að fjalla um ákvarðanir sem varða líf eða dauða nýfæddra barna út frá almennum kennisetningum á borð við þær hvenær mannvera teljist vera fullgild persóna. Það sem máli skipti væru staðreyndir um ásigkomulag barnsins, hvaða sjúkdómur eða fötlun hömluðu lífsmöguleikum þess og hvaða ráðum lækisfræðin, foreldrarnir og samfélagið byggju yfir til að draga úr þeim hömlum. Skráðar siðareglur þeirra heilbrigðisstétta sem að málinu koma eru þýðingarmiklar, sem og lög og viðteknar en óskráðar starfsskyldur þeirra.

Það fylgir þessari aðferð að ekkert er fyrirfram gefið um gildi háfleygra kenninga eða siðalögmála og geta þær raunar verið til trafala, líkt og aftursætisbílstjórar, sé reynt að beita þeim án þess að auðsýna næmi fyrir aðstæðum. Það sem gildir er að „einbeita sér að aðstæðum, þörfum og hagsmunum“ sem jarðtengja siðfræðina og gefa henni hlutlæg viðfangsefni.¹⁵ Samt sem áður má segja að að-

¹² Sbr. Sigurð Kristinsson 2011.

¹³ Sbr. Beauchamp og Childress 2001: 387 og Toulmin 1986: 270–271.

¹⁴ Edel 1986: 333.

¹⁵ Toulmin 1986: 266.

staðugreiningin sæki mjög margt til tiltekinnar kenningar, þ.e. siðfræði Aristótelesar, enda komi það nánast af sjálfu sér þegar rétt sé að málum staðið: „Þegar á rúmstokkinn er komið, ef svo má að orði komast, þá notar hagnýtt siðfræði og læknislist sams konar „verklega ráðagerð“ að hætti Aristótelesar, og rétt ákvörðun um læknis meðferð er *rétt* læknisráð, ekki bara frá sjónarhorni læknislistarinnar heldur líka af siðferðilegum ástæðum.“¹⁶ Áherslan hvílir hér á dómgreindinni eða hyggindunum sem Aristóteles lýsir sem hæfilegu samspili hins altæka og hins einstaka „sem lærir með reynslu“.¹⁷ Reyndur maður á hverju starfssviði kann skil á altækum viðmiðum, svo sem læknisfræðilegri þekkingu, en hefur jafnframt náð tökum á þeirri list að beita henni réttilega í einstökum aðstæðum. Hann hefur auga fyrir því hvað er rétt að gera í aðstæðunum.

Þessi beiting þekkingar verður í senn að vera kunnáttusamleg frá tæknilegu sjónarmiði og siðferðilega rétt eða viðeigandi.¹⁸ Hyggindi eru siðferðileg dómgreind og hvíla á siðrænum dygðum sem lærast í uppeldi og félagsmótun. Í samræmi við þetta þyrfti það að vera óaðskiljanlegur hluti af allri menntun og starfsþjálfun lækna (en einnig annarra starfsstétta) að greina læknisfræðileg tilvik sem siðferðileg viðfangsefni. Siðfræðin er þá ekki tilfallandi hliðargrein þar sem fjallað er um kenningar og siðalögmál sem grípa megi til þegar læknar lenda í siðferðilegum „klípum“, heldur þarf siðferðileg hugsun um viðfangsefnið að verða samofin læknisfræðilegu mati í hverju tilviki fyrir sig.¹⁹ Frá þessum sjónarhóli séð er hagnýtt siðfræði sem tekst á við afmarkaðar klípusögur út frá háfleygum kennisetningum í besta falli skemmtileg hugarleikfimi, en hefur ekkert með siðferði starfsstétta að gera.²⁰ Það bendir til þess að siðfræðin komi þá einungis til skjalanna þegar óvenjuleg tilvik koma upp fremur en að hún sé órjúfanlegur hluti fagmennsku. Það breytir því ekki að réttnefnd siðfræðileg greining hefst þegar fást þarf við erfið tilvik, en þá er mikilvægast að grannskoða tilvikið sjálft og meta það í ljósi þeirrar reynslu og þekkingar sem starfsfólk á viðkomandi sviði býr yfir, ekki út frá annarlegum kennisetningum siðfræðinnar.

Nærtækt er að nefna hér einn helsta aðferðafræðilega þátt aðstaðugreiningar sem er fölginn í því að leita fordæma um farsæla lausn sambærilegra tilvika. Þá er leitast við að bera siðferðilega flókið tilvik saman við annað tilvik, eða fordæmi, sem sátt er um að leitt hafi verið farsællegra til lykta. Huga þarf að því að hvaða leyti tilvikið er ólíkt fordæminu og meta hvort sá munur hafi einhverja siðferðilega þýðingu eða ekki. Því líkara sem tilvikið er fordæminu, því sterkari rök eru fyrir því að leiða það til lykta með sambærilegum hætti. Með þessu móti er byrjað á að finna þá fleti sem menn geta sammælst um og meta síðan þau atriði sem út af standa sérstaklega í ljósi sérstöðu þeirra.²¹

Í þessu samhengi er einnig rétt að nefna kenningu breska heimspekingsins

16 Toulmin 1986: 273.

17 Aristóteles 1995: II.81 (II.42a).

18 Páll Skúlason notar þessa röksemd í greininni „Siðvísindi og læknisfræði“ (Páll Skúlason 1987).

19 Sjá umfjöllun í þessum anda hjá Stefáni Hjörleifssyni og Linn Getz 2011.

20 Um klípusögur sjá t.d. Kristján Kristjánsson 1997.

21 Slík tilfella greining á sér langa sögu og á sér ýmis afbrigði. Sjá t.d. Kuczewski 2012.

F. H. Bradleys um þær skyldur sem fylgja stöðu manns eða hlutverki.²² Í anda Hegels áleit Bradley það gagnslítið að ræða skyldur út frá alhæfanlegum lífsreglum eins og Kant hvetur okkur til að gera.²³ Huga þurfi að því hvaða skyldur felast í því hlutverki sem manneskjan gegnir, stöðu hennar og afstöðu gagnvart öðrum. Hér koma því til skoðunar hlutverkabundnar skyldur sem jarðtengja þær við tiltekna starfsemi eða starfsvettvang er gefur siðferðilegum athöfnum sérstaka umgjörð. Skyldur á einum starfsvettvangi er því ekki endilega hægt að yfirfæra á aðstæður í annarri starfsemi. Þetta eru enn ein rökin fyrir því að þekking á innviðum starfseminnar og því innra siðferði sem þar hefur þróast skipti sköpum í hagnýttri siðfræði.

Einkenni aðstæðugreiningar setja víða svip sinn á hagnýtta siðfræði í samtímanum en þau koma hvað skýrast fram hjá höfundum sem aðhyllast dygðasiðfræði, frásagnarsíðfræði og umhyggjusíðfræði. Dygðasiðfræðin ber þessi einkenni vegna áherslu sinnar á siðferðilega dómgreind sem krefst þekkingar á aðstæðum, frásagnarsíðfræðin af því að hún dregur fram sögu málsins og þeirra sem að því koma og samkvæmt umhyggjusíðfræði eru hlutverkabundin tengsl milli fólks og næmi fyrir aðstæðum þeirra þýðingarmikil atriði í siðfræðilegri greiningu. En einna sterkustu áhrif þessarar aðferðar í hagnýttri siðfræði samtímans má greina í svonefndri „empírískri lífsíðfræði“. Nafngiftin er til komin vegna þess að grundvöllur er lagður fyrir siðfræðilega umfjöllun með vísindalegum rannsóknum á viðfangsefnunum. Að mörgu leyti er þetta sjálsagður hluti lífsíðfræðinnar sem þverfaglegar fræðigreinar þar sem saman vinna fræðimenn af sviðum félagsvísinda, lögfræði, lífvísinda og heimspeki. Framlag lífvísinda- og félagsvísindamanna er þá gjarnan í formi meginindlegra eða eigindlegra rannsókna og niðurstöður þeirra greindar frá ólíkum sjónarhornum fræðanna sem eiga að bæta hvert annað upp.²⁴

Þessi áhersla á að reisa hagnýta siðfræðilega greiningu á reynsluathugunum á sviðinu hefur þó vakið spurningar um stöðu heimspekilegrar siðfræði í aðferðinni. Í samræmi við þær áherslur aðstæðugreiningar sem ég hef fjallað um hér að ofan er því oft haldið fram að siðfræðin eigi einkum að skýra þau siðferðilegu viðmið og viðhorf sem ríkjandi eru á vettvangi starfsins en ekki að ástunda ytri gagnrýni.²⁵ Rökin fyrir þessari afstöðu eru gjarnan sótt til ný-aristótélískra hugmynda í bland við heimspekilega túlkunarfræði Hans-Georgs Gadamer. Samkvæmt þessum hugmyndum er það meginviðfangsefnið að átta sig á þeim heimi merkingar og samskipta sem ríkjandi er á viðkomandi starfsvettvangi. Í þeirri greiningu eru hefðir og viðurkenndar siðareglur starfsins, sem mótast hafa í deiglu daglegra viðfangsefna og staðist tímans tönn, mikilvægari en utanaðkomandi kennisetningar. Athyglisverð niðurstaða sem draga má af þessu er að þar með öðlast viðtekið siðferði ákveðið kennivald sem setur frjálsri heimspekilegri gagnrýni mörk.²⁶

22 „My station and its duties“. Bradley 1988: 160 o.áfr.

23 Kant 2003: 140–146.

24 Sbr. Chadwick og Levitt 1997.

25 Sbr. van der Scheer og Widdershoven 2004.

26 Vilhjálmur Árnason 2005.

Hér er komið að megingagnrýninni á aðstæðugreininguna. Þar er réttilega lögd mikil áhersla á staðgóða þekkingu bæði á einstökum atriðum og almennum starfsvenjum, næmi fyrir aðstæðunum og virðingu fyrir hlutverkabundnum skyldum, en fyrir vikið skortir gagnrýna fjarlægð á aðstæðurnar. Aðstæðugreininguna skortir sjálfstæð siðferðileg leiðarljós til að bregða birtu á vandann, rökræða hann og greina gagnrýnið vegna þess að starfshefðir og hlutverkabundnar skyldur fá þar of mikið vægi, en almenn siðalögmál og frjáls rökræða of lítið. Siðfræðileg krafa um að lúta viðmiðum starfsins verður gagnrýninni greiningu yfirsterkari.

Þetta er athyglisvert m.a. vegna þess að saga lífsiðfræðinnar hefur einkennst af því að almennar siðfræðilegar kröfur hafa skákað viðteknum starfsvenjum innan læknisfræðilegra rannsókna og heilbrigðisþjónustu. Þannig var uppgangur lífsiðfræðinnar í Bandaríkjunum á 7. áratug síðustu aldar samofinn aukinni meðvitund um borgaraleg réttindi og sjálfræði einstaklinga.²⁷ Á hinn bóginn er óhætt að fullyrða að þessar „utanaðkomandi“ kröfur hafi oft á tíðum gengið of langt og farið að hafa áhrif á sviðum þar sem þau eiga illa við. Svo dæmi sé tekið var mjög mikilvægt að grafa undan hefðbundinni forræðishyggju heilbrigðisstétta, og því blinda trausti sem hún ól á, til dæmis með þeim rökum að sjúklingar ættu rétt á því að vera upplýstir um meðferðarkosti og taka þátt í ákvörðunum um þá.²⁸ En umdeilt er hvort það hafi verið sjúklingum til hagsbóta að líta á þá í auknum mæli sem neytendur sem eigi að hafa sem mest sjálfræði um meðferð sína.²⁹ Þá er horft framhjá sérstöðu heilbrigðisþjónustu og ýmsum staðreyndum um samband heilbrigðisstétta og sjúklinga. Aðstæðugreiningin minnr á þessar staðreyndir og leitast við að varðveita innra siðferði stéttarinnar andspænis markaðssjónarmiðum og öðrum öflum sem grafa undan því. Beiting umdeilanlegra kennisetninga hefur greitt götu sumra þessara hugmynda og því er spurning hvert eigi að leita til að finna siðalögmál til mótvægis við hefðartryggð aðstæðugreiningarinnar.

Ígrundaðir siðadómar

Þriðju aðferð hagnýttar siðfræði sem tekin er til skoðunar í þessari ritgerð má kenna við ígrundaða siðadóma. Ástæðan er sú að við nálgumst úrlausnarefnin jafnan í ljósi siðadóma og þeir eru raunar forsendur þess að við sjáum þau *sem* siðferðileg viðfangsefni. Við teljum til að mynda alla jafna mikilvægt að komið sé fram við fólk af sanngirni, velferðar þess sé gætt og sjálfsákvörðunarréttur virtur. Þessir siðadómar koma mjög oft við sögu þegar greind eru tilvik í heilbrigðisþjónustu og dæmigerður siðferðisvandi rís þegar ekki er mögulegt að virða öll þessi verðmæti í senn. Viðleitni heilbrigðisstarfsmanna til þess að stuðla að velferð sjúklings getur stangast á við rétt hans til að iðka trú sína, eins og þegar Vottur Jehóva hafnar blóðgjöf. Viðleitni til að gæta réttlætis í dreifingu gagna og gæða heilbrigðisþjónustu getur stangast á við ósk manns um að fá rándýra lyfjameðferð.

27 Kuhse og Singer 2001.

28 Ég ræði þetta ítarlega í Vilhjálmur Árnason 2003, einkum 2. kafla.

29 Sjá umræðu um þetta efni t.d. hjá Jost 2007.

Pegar við tökumst á við þessi úrlausnarefni reynir á hæfni okkar til að ígrunda siðadómama með sérstakri tilvísun til aðstæðnanna og komast að niðurstöðu sem samrýmist siðferðiskennd okkar sem upplýst er af þessum siðadómum.

Þessir tilteknu siðadómar eru kjarnaþættir siðferðisins og varða grundvallarhagsmunum okkar. Þetta sést meðal annars af því hvernig þeir tengjast því sem við kennum börnum okkar í siðferðisefnum: ekki meiða (sem ógnar velferð), ekki gera upp á milli (sem er ranglátt) og ekki segja ósatt (sem grefur undan sjálfræði). Þeir koma þannig á undan allri siðfræði, þótt allar marktækar kenningar geri þá að skipulegu viðfangsefni. Siðadómar af þessu tagi eiga upptök sín í almennu siðferði og mótast af sjálfum samskiptaveruleika manna.³⁰ Þessir siðadómar hafa þó einungis gildi *prima facie*, „við fyrstu sýn“, og vandinn í siðferðisefnum er m.a. að sjá hvenær þeir eiga ekki við og rökstyðja undantekningar frá þeim án þess að missa sjónar á almennu gildi þeirra.³¹ Í því skyni er hvað mikilvægast að grannskoða aðstæðurnar því að raunverulegt gildi siðadómanna er alltaf aðstæðubundið, háð vægi þeirra miðað við aðra almenna siðadóma við tilteknar aðstæður. Hér er engin fyrirframgefin allsherjarregla sem hægt er að skírskota til heldur er niðurstaðan háð mati velviljaðra og sanngjarnra manna sem eru reiðubúnir að rökræða mat sitt við aðra.

Þessi aðferð kemur því hvorki „neðan frá“ aðstæðunum, bundin þeim viðteknu viðmiðum sem þar hafa mótast, né „ofan frá“ háfleygum kenningum sem kunna að missa sjónar á sérstöðu aðstæðnanna. Hún hefst handa á forsendum hversdagslegar siðferðiskenndar sem mótast í deiglu reynslunnar, svo sem af því að takast á við úrlausnarefni á sviði hagnýttar siðfræði. Í þeirri viðleitni getum við þurft að snyrta til, aðlaga og grisja viðtekna siðadóma í því skyni að varðveita almennustu siðferðisskuldbindingar okkar. Þetta síkvika ferli hefur verið kallað viðleitni til að öðlast „ígrundað jafnvægi“ í siðadómum okkar.³² Almennustu siðferðisskuldbindingum okkar má til dæmis lýsa út frá viðleitninni til að vera heiðarleg, sanngjörn og láta gott af okkur leiða. Á sviði heilbrigðis- og lífsiðfræði hefur frumskuldbindingunni³³ oft verið lýst þannig að stuðla beri að auknu heilbrigði og að virða sjúklinga sem manneskjur.³⁴ Fræðileg greining lífsiðfræðinnar, sem byggir á ígrunduðum siðadómum, leitast við að virða þessa frumskuldbindingu og grundvallarverðmæti almenns siðferðis.

Þekktustu talsmenn þessarar aðferðar, Tom Beauchamp og James Childress, leggja til fjögur siðalögmál sem gegni því hlutverki að vernda helstu verðmæti almenns siðferðis og frumskuldbindingu fagstétta.³⁵ Þetta eru *sjálfræðislögmálið* (sem virðir sjálfsákvörðunarhæfni fullveðja einstaklinga), *skadleysislögmálið* (um að valda sjúklingum ekki skaða), *velgjörðarlögmálið* (um að láta gott af sér leiða og vega ávinning og áhættu) og *réttlætislögmálið* (sem kveður á um sanngjarna

30 Beauchamp og Childress (2001) tala um „common-morality“ sem siðfræðin útlistar (sjá t.d. 2–4 og 401–405).

31 Þetta er inntakið í kenningu Ross 1930.

32 Beauchamp og Childress 2001: 398. Hugtakið er fengið frá Rawls: 1971.

33 Sbr. Sigurð Kristinsson 1991: 22–24.

34 Sbr. Vilhjálm Árnason 2003: 22–25.

35 Beauchamp og Childress 2001: 12.

dreifingu gæða og byrða).³⁶ Í tengslum við hvert siðalögmál þarf vitaskuld að huga að forsendum þess að þau séu virt, svo sem mikilvægi sannsögli, upplýsingagjafar, ákvörðunarhæfni og samráðs fyrir sjálfræði sjúklinga. Um þessi atriði verður ekki fjölyrt hér. Jafnframt þarf að huga sérstaklega að tengslum siðalögmálanna við aðstæður eða hagnýt úrlausnarefni. Það felur í sér bæði mat á umfangi eða gildissviði siðalögmálanna og innbyrðis vægi þeirra þegar þau rekast á í siðferðilega flóknum aðstæðum.³⁷

Það felst í sjálfri aðferðinni sem byggir á ígrundun siðadóma að ekkert siðalögmálanna hefur fyrirfram meira vægi en önnur. Það ræðst af aðstæðunum og mati á þeim. Hér er meginmunur á kennisetningaleið og ígrundun siðadóma. Nyttastefnan getur til dæmis vel stuðst við ígrundaða siðadóma, en þegar þeir rekast á er skírskotað til nytjalögmálsins til að skera úr: „Hafa verður hugfast að einungis í þeim tilfellum þegar almennar reglur stangast á er nauðsynlegt að skírskota beint til þeirra frumreglna sem þær eru dregnar af.“³⁸ Hér kemur til skjalanna sú gagnrýna yfirvegun siðadóma sem miðar að „ígrunduðu jafnvægi“, samræmi þeirra við grundvallarskuldbindingar okkar í siðferðisefnum og viljinn til að rökstyðja þá og rökræða fyrir opnum tjöldum. Mannlegt siðferði býður ekki upp á nákvæmari „lausnir“ og óviðeigandi og óraunhæft er að krefjast þess að aðferðin leiði til einhlitra niðurstæðna. Samngjarna og velviljaða menn getur greint á í þessum efnum, m.a. vegna þess að þeir meta vægi siðalögmálanna með ólíkum hætti (hvort velgjörð fyrir einstakling sé mikilvægari en félagslegt réttlæti) eða hafa ólíkar hugmyndir um gildissvið þeirra (á skadleysislögmálið við um fóstur í móðurkviði?). Séu þeir reiðubúnir til að takast á við ágreininginn á heiðarlegan og sanngjarnan hátt verður ekki lengra komist í siðferðisefnum.³⁹

Ég hef í þessari lýsingu leitast við að draga fram kosti ígrundunar siðadóma, en þessi aðferð hefur fengið á sig margvíslega gagnrýni sem rétt er að gera stuttlega grein fyrir. Bók þeirra Beauchamp og Childress, *Principles of Biomedical Ethics*, hefur fengið gríðarlega útbreiðslu og er líklega langþekktasta rit á sviði lífsiðfræði í heiminum. Eins og oft vill verða með vinsælar hugmyndir hafa sumir talsmenn þeirra ekki alltaf gefið af þeim rétta mynd. Þannig eru siðalögmálin fjögur stundum kölluð „Georgetown-mantran“⁴⁰ og aðferðinni, sem kennd er við lögmálshyggju (e. *principlism*), líkt við útfyllingu tékklista. Þessi gagnrýni kann að eiga við sum vanhugsuð, dólgsleg og grunnhygginn afbrigði af framsetningu hugmyndanna, en hún hittir ekki í mark þegar texti Beauchamp og Childress er skoðaður gaumgæfilega. Því er líka oft haldið fram að aðferðin yti undir einstaklingshyggju vegna þess hve sjálfræðislögmálið sé ríkjandi og trompi hin þrjú. Þótt þessa kunni að gæta í meðförum ýmissa höfunda, þá hafna Beauchamp og

36 Sigurður Kristinsson 2003: 163–164. Sigurður kallar þetta fjórar höfuðreglur sem „liggi öllum sérhæfðari siðabodum til grundvallar“ og lýsir þeim skilmerkilega.

37 Beauchamp og Childress 2001: 18. Þeir kalla þetta „specification“ og „balancing“.

38 Mill 1998: 136.

39 Um ágreining í siðferðisefnum sjá Beauchamp og Childress 2001: 21–22.

40 Þeir Beauchamp og Childress kenndu báðir við Kennedy Center for Ethics við Georgetown-háskóla í Washington D.C. þegar bók þeirra kom fyrst út 1979. Hún hefur verið endurútgefin margsinns.

Childress þessari túlkun alfarið,⁴¹ líkt og ég hef gert í umfjöllun um afstöðu þeirra hér að framan.

Því er stundum haldið fram að valið á siðalögmálunum fjórum sé gerræðislegt og það endurspeglir bandaríska menningu fremur en evrópska (m.a. vegna meintrar ofuráherslu á sjálfræði). Raunar hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja fram önnur meginsiðalögmál sem ætlað er að endurspegla betur evrópska siðmenningu. Þar má nefna t.d. „sjálfræði, reisin, heilindi og særanleika“⁴² auk „varúðar og samstöðu“.⁴³ Mér virðist að gera megir grein fyrir hugmyndum um reisin, heilindi og særanleika í tengslum við meginsiðalögmálin sjálfræði, velferð og skaðleysi. Samstaða veitir hins vegar mikilvæga viðbót (a.m.k. til túlkunar á réttlæti) hvað lífsiðfræði varðar,⁴⁴ vegna þess að í henni felst annars konar sýn á samfélagslega ábyrgð en í réttlætishugtaki sem oft er takmarkað við sanngjarna útdeilingu gæða og byrða í markaðsvæddu heilbrigðiskerfi. „Samstaða gerir réttlæti, eða sanngirni, háð þeim gildum sem *við* viljum varðveita í *okkar* reynsluheimi og *okkar* samfélagi.“⁴⁵ Samstaða felur í sér að heilbrigðiskerfið tryggi okkur öll fyrir áföllum og kostnaði fremur en að það þjóni einungis þörfum þeirra sem eru veikir hverju sinni.⁴⁶

Áhersla á samstöðu getur einnig haft áhrif á túlkun á sjálfræði sem takmarkast af skyldum gagnvart heildinni. Túlkun Beauchamp og Childress á sjálfræðishugtakinu hefur líka verið gagnrýnd fyrir að binda það um of við hæfileika fólks til að taka upplýstar ákvarðanir, eins og Sigurður Kristinnsson vekur athygli á: „Myndin sem Beauchamp og Childress draga upp er þá í grófum dráttum sú að reglan um virðingu fyrir sjálfræði krefjist þess að lækna og vísindamenn forðist að stýra ákvörðunum fólks og reyni auk þess að stuðla að því að fólk taki vel upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir.“⁴⁷ Sigurður telur þetta í besta falli ófullkomna verknaðarskyldu lækna og vísindamanna og höfuðatriðið frá sjónarhóli sjálfræðis sé fremur hin fullkomna taumhaldsskylda að ráðskast ekki með fólk með þvingunum og blekkingum, skrumi eða skjalli. Hér tefir Sigurður skilningi á sjálfræði í anda siðalögmáls Kants um virðingu fyrir persónunni gegn hugmyndum Beauchamp and Childress sem þeir segjast sækja til almenns siðferðis. Þetta vekur spurningar bæði um almennt siðferði og um stöðu kenninga gagnvart ígrunduðum siðadómum.

Vænlegasta leiðin til að skilja hugmyndina um almennt siðferði er að siðferði hljóti að fela í sér hugtök um sjálfræði, velferð og réttlæti en að þau séu jafnframt opin fyrir túlkunum.⁴⁸ Það væri fráleitt að lesa einhverja ákveðna útfærslu á grunnsiðalögmálunum af almennu siðferði því það myndi binda þau við til-

41 Beauchamp og Childress 2001: 57.

42 Rendtorff og Kemp 2000. Ensku hugtökin eru „autonomy“, „dignity“, „integrity“ og „vulnerability“.

43 Häyry 2003.

44 Varúðarreglan hefur gegnt allstóru hlutverki í umhverfissiðfræði en erfitt er að sjá gildi hennar á sviði lífsiðfræði.

45 Häyry 2003: 207.

46 Ég hef skrifað um þetta atriði í Vilhjálmur Árnason 2014b.

47 Sigurður Kristinnsson 2011: 199.

48 Herrisone-Kelly 2003.

tekna siðmenningu (á borð við þá bandarísku) sem gengur gegn hugmyndinni um *almennt* siðferði. Framsetning Beauchamp og Childress á siðalögmálunum fjórum er því umdeilanleg túlkun og það samrýmist vel aðferðinni um ígrundaða siðadóma og ígrundað jafnvægi að deila um þá túlkun. Það er einnig í góðu samræmi við aðferðina sem þeir aðhyllast að leita til kenninga, þótt þeir hafni því að byggja á einhverri tiltekinni kenningu. „Svokallað víðtækt ígrundað jafnvægi verður þegar við metum styrkleika og veikleika allra mögulegra siðadóma, siðalögmála og þýðingarmikilla kenninga að baki þeirra.“⁴⁹ Ljóst er að þessa aðferð skortir skýran kenningarramma, en færa má rök fyrir því að það styrki hana frekar en veiki. Það ýtir undir frjálsa túlkun og rökræðu að binda sig ekki við eina kenningu og „ekkert siðaboð er undanþegið endurskoðun“.⁵⁰

Gagnrýnar hugleiðingar

Ég hef nú gert í megindráttum grein fyrir þremur áberandi aðferðum í hagnýttri siðfræði og leitast við að sýna hvernig siðfræðingar⁵¹ bera sig að þegar þeir nálgast hagnýt úrlausnarefni. Áður en ég skil við þetta efni tel ég ástæðu til að hugleiða sameiginlegar takmarkanir á öllum þessum aðferðum sem ræddar hafa verið meðal fræðimanna á síðustu árum.⁵² Þessi gagnrýni beinist í sjálfu sér ekki að aðferðunum heldur að samhengi greiningarinnar og meðvitund fræðimanna um þær forsendur sem þeir ganga út frá. Sú gagnrýni getur átt við hvort heldur sem greiningin byggir einkum á kennisetningum, aðstæðum eða ígrunduðum siðadómum.

Ég nefndi það hér að framan hvernig tilurð lífsiðfræðinnar var samofin samfélagshræringum sem einkenndust af aukinni meðvitund um borgaraleg réttindi og sjálfræði einstaklinga um eigið líf. En hugmyndir lífsiðfræðinnar mótuðust ekki síður sem viðbrögð við stórauðinu tæknivæðingu heilbrigðisþjónustunnar sem stuðlaði að aukinni sérhæfingu lækna og hafði óbeint í för með sér hlutgervingu sjúklinga.⁵³ Fyrir vikið varð köllun lífsiðfræðinnar ekki síst sú að verja sjálfsveru mannsins andspænis tæknivæðingu hugarfarsins. Megináherslan var lögð á sjálfræði sjúklinga og að velferð þeirra yrði ekki metin nema með hliðsjón af verðmætamati þeirra sjálfra. Þetta eru afar mikilvæg atriði sem hafa mótað starf heilbrigðisstétta á síðustu áratugum.

Á þeim tíma hafa viðfangsefni lífsiðfræðinnar jafnframt orðið æ fleiri og flóknari samfara þróun lífvisinda og erfðatækni. Lífsiðfræði þarf vissulega að ræða þau siðfræðilegu álitamál sem vakna í tengslum við þessa þróun í ljósi sjálfræðis og velferðar einstaklinga. Svo dæmi sé tekið hafa uppgötvanir á sviði erfðafræði ýtt

49 Beauchamp og Childress 2001: 399.

50 Beauchamp og Childress 2001: 408.

51 Það er raunar of þröngt að tala um siðfræðinga hér; nákvæmara væri að segja „þeir sem fást við hagnýtta siðfræði“.

52 Heilmikil umræða hefur verið um hagnýtta siðfræði, ekki síst lífsiðfræði (eins konar „metabioethics“) og mætti sem dæmi nefna Eckenwiler og Cohn 2007.

53 Ég ræði þetta ítarlega í Vilhjálmur Árnason 2003, einkum kafla 1.2, „Tæknivæðing og siðvæðing“.

undir innleiðingu erfðaprófa sem sagt geta fyrir um áhættu einstaklinga á að fá tiltekna sjúkdóma. Brýnt er að ræða þetta út frá sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga, svo sem rétti þeirra til að hafna vitneskju af þessu tagi, hugsanlegum áhrifum á velferð þeirra og mikilvægi persónuverndar, m.a. vegna hættu á rangláttri mismunun ef vinnuveitendur og tryggingafélög fengju slíkar upplýsingar. En þótt nauðsynlegt sé að ræða atriði af þessu tagi, þá nægja þau ekki til að meta þau siðfræðilegu álitamál sem innleiðing slíkrar erfðatækni vekur.

Setja þarf málið í víðara samhengi og sé það ekki gert er raunar hætta á því að lífsiðfræðin réttlæti slíka tækni á ófullnægjandi forsendum. Til viðbótar þeim spurningum sem sjálfræði og velferð einstaklinga krefjast, verður til dæmis að spyrja um hugsanleg áhrif þess á heilbrigðisþjónustuna yðu erfðapróf innleidd þar í stórum stíl. Kynni það að hafa áhrif á mat okkar á orsökum sjúkdóma og beina sjónum okkar frá félagslegum þáttum að erfðafræðilegum og tengslum þeirra við lífsstíl einstaklinga? Þar með færðist áherslan af orsakabáttum sjúkdóma sem við berum sameiginlega pólitíska ábyrgð á – og sannfærandi rök hafa verið færð fyrir að séu mikilvægustu áhrifsvaldar heilsu⁵⁴ – yfir á ábyrgð einstaklinga á sjúkdómum. Sá hugsunarháttur sem þessu fylgir kann að grafa undan hugmyndafræðinni að baki samfélagslegri heilbrigðisþjónustu sem reist er á samstöðu og samábyrgð og ýta undir stefnu sem ætlað er taka meira mið af persónulegri ábyrgð fólks á heilsu sinni.⁵⁵

Einn vandinn við þessar hugleiðingar er að ekkert af þessu er beinlínis ráðgert heldur eru þetta mögulegar afleiðingar af flóknu samspiли margra þátta sem engin leið er að ná til með hefðbundinni siðfræðilegri greiningu. Þetta eru ein rök-in fyrir mikilvægi þess að lífsiðfræði sé ástunduð sem þverfagleg grein þar sem snar þáttur greiningarinnar eru félagsleg áhrif þeirrar tækni sem til skoðunar er.⁵⁶ En hér þarf líka að skoða gagnrýnið þau félagslegu, pólitísku og efnahagslegu hreyfiðli sem búa að baki nýjungum á sviði erfðafræði og þá orðræðu sem örvar áhuga almennings á þeim. Nútímarannsóknir á þessu sviði eru rándýr starfsemi þar sem hagsmunir rannsóknarfyrirtækja, háskóla og fjárfesta tvinnast saman á fordæmalausan hátt. Af þessum ástæðum hafa hagnýtir siðfræðingar í auknum mæli séð ástæðu til þess að setja lífsiðfræði í samhengi við lífpólitík⁵⁷ til að ná betur til þeirra margvíslegu þátta sem siðfræðileg greining þessara viðfangsefna verður að taka mið af. Að öðrum kosti er hætta á að lífsiðfræðin verði nýtsamur sakleysingi í þágu ríkjandi afla.

Ljóst má vera af þessum hugleiðingum að þær þrjár aðferðir hagnýttrar siðfræði sem ég hef rætt hér að framan þjóna enn mikilvægu hlutverki en þær duga ekki nema að takmörkuðu leyti til að takast á við þær áskoranir sem þróun á sviði lífvísinda og erfðarannsóknna hafa borið með sér. Takmarkanir aðstæðugreiningarinnar andspænis þessum nýju áskorunum eru augljósar því að hún á hvað best við í rótgrónu samhengi á starfsvettvangi þar sem siðferðileg viðmið hafa mótast

54 WHO 2008.

55 Vilhjálmur Árnason 2012.

56 Oft er vísað til þessa sem ELSI: „ethical, legal and social implications“.

57 Vilhjálmur Árnason 2014a.

í átökum við viðfangsefni um langan aldur. Ég hef þegar fært rök fyrir því að þau höfuðsiðalögmál sem eru í forgrunni þeirrar aðferðar sem kennd er við ígrundun siðadóma veiti mikilvæga en takmarkaða leiðsögn þegar setja þarf viðfangsefni í stærra samhengi. Aðferðin getur samt sem áður gegnt mikilvægu hlutverki og hún er í eðli sínu móttækileg fyrir nýjum greiningarþáttum. Hún er til dæmis þýðingarmikil í umfjöllun um stefnumótun á sviði lífsiðfræði í lýðræðisríki þar sem taka þarf mið af fjölhyggju um lífsviðhorf.⁵⁸

Mér virðist þó að þessar nýju áskoranir kalli helst á nauðsyn þess að leita í auknum mæli til kenninga, þótt ekki mæli ég með því að háfleygum kennisettningum verði beitt á þessi viðfangsefni. Ég hef frekar í huga að nýta þurfi til að mynda kenningar gagnrýninnna félagsvísinda (á borð við Habermas og Foucault⁵⁹) sem gera hagnýttari siðfræði kleift að setja greiningu á viðfangsefnum sínum í samhengi við þætti sem viðtekin lífsiðfræðileg greining missir sjónar á. Sem dæmi mætti nefna þá margvíslegu hagsmuni sem eru í bakgrunni lífvísindalegra rannsókna í nútímasamfélagi, þá orðræðu sem mótar almenningssálitið um þessi mál og þau yfirráð sem hindra að lífþólitik sé stunduð með lýðræðislegum hætti. Hér kemur semsé til skjalanna „tortryggin túlkunarfræði“ er hvetur okkur ekki einungis til að skilja þá starfsemi sem til skoðunar er heldur jafnframt þá þætti í menningu okkar og samfélagi sem koma í veg fyrir að við öðlumst upplýstan skilning á þeim.⁶⁰

Ég þakka Páli Skúlasygni og ritrýni *Hugar* gagnlegar athugasemdir við drög að þessari grein.

Heimildir

- Aristóteles. 1995. *Siðfræði Nikomakkosar*. Þýð. Svavar Hrafn Svavarsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Beauchamp, Tom L. og James F. Childress. 2001. *Principles of Biomedical Ethics*, 5. útg. Oxford: Oxford University Press.
- Bradley, F. H. 1988/1876. *Ethical Studies*. Oxford: Clarendon Press.
- Chadwick, Ruth og Mairi Levitt. 1997. Complementarity: Multidisciplinary research in bioethics. *Bioethics Research: Policy, Methods and Strategies. Proceedings of a European Conference* (bls. 73–82). Ritstj. S. Gindro, R. Bracalenti og E. Mordini. Brussel: European Commission.
- Eckenwiler, Lisa A. og Felicia G. Cohn (ritstj.). 2007. *The Ethics of Bioethics*. Baltimore: Johns Hopkins University Press.
- Edel, Abraham. 1986. Ethical theory and moral practice: On the terms of their relation. *New Directions in Ethics* (bls. 317–335). Ritstj. Joseph DeMarco og Richard M. Fox. New York: Routledge.
- Häyry, Matti. 2003. European Values in Bioethics: Why, What, and How to Be Used? *Theoretical Medicine* 24, 199–214.

58 Sbr. grein Svavars H. Svavarssonar í þessum árgangi *Hugar*.

59 Þessar tvær ólíku kenningar bæta hvor aðra upp með því að draga fram mjög ólíka þætti, sbr. Vilhjálmi Árnason 2013.

60 Sbr. Ricoeur 1970: 32–36.

- Herrison-Kelly, Peter. 2003. The Principlist Theory of Bioethics. *Scratching the Surface of Bioethics* (bls. 65–77). Ritstj. Matti Häyry og Tuija Takala. Amsterdam: Rodopi.
- Jost, Timothy. 2007. *Health Care at Risk. A Critique of the Consumer-Driven Movement*. Durham, N.C.: Duke University Press.
- Kant, Immanuel. 2003. *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Þýð. Guðmundur Heiðar Frímansson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kristján Kristjánsson. 1997. Af tvennu illu. *Af tvennu illu* (bls. 17–45). Reykjavík: Heimskringla.
- Kuczewski, Mark G. 2012. Casuistry. *Encyclopedia of Applied Ethics*, 2. útgáfa (bls. 397–405). Ritstj. Ruth Chadwick. London: Elsevier.
- Kuhse, Helga og Peter Singer. 2001. What is bioethics? A historical introduction. *A Companion to Bioethics* (bls. 3–11). Ritstj. H. Kuhse og P. Singer. Oxford: Blackwell.
- Mikael M. Karlsson. 1987. Um hlutverk nytjaheimspeki í viðskiptum og öðrum atvinnugreinum. *Vísinding* 5, 2–3.
- Mill, John Stuart. 1970/1859. *Frelsið*. Þýð. Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Mill, John Stuart. 1998/1871. *Nýttjastefnan*. Þýð. Gunnar Ragnarsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Páll Skúlason. 1987. Siðvísindi og læknisfræði. *Pælingar* (bls. 155–185). Reykjavík: Ergo.
- Rawls, John. 1971. *A Theory of Justice*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Rendtorff, Jacob D. og Peter Kemp, ritstj. 2000. *Basic Ethical Principles in European Bioethics and Biolaw*, 2 bindi. Kaupmannahöfn og Barcelona: Centre for Ethics og Institut Borja de Bioética.
- Ricoeur, Paul. 1970. *Freud and Philosophy: An Essay on Interpretation*. Þýð. David Savage. New Haven, CT: Yale University Press.
- Ross, W. D. 1930. *The Right and the Good*. Oxford: Clarendon Press.
- Sigurður Kristinsson. 1991. *Siðareglur*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Sigurður Kristinsson. 2003. Siðfræði rannsókna og siðanefndir. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161–179). Ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Kristinsson. 2011. Hvaða máli skiptir upplýst samþykki? *Siðfræði og samfélag* (bls. 189–206). Ritstj. Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Siðfræðistofnun.
- Singer, Peter. 1993. *Practical Ethics*, 2. útg. Cambridge: Cambridge University Press.
- Stefán Hjörleifsson og Linn Getz. 2011. Hvert er framlag siðfræðinnar til heilbrigðis og læknávisinda? *Siðfræði og samfélag* (bls. 119–141). Ritstj. Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Siðfræðistofnun.
- Toulmin, Stephen. 1981. The Tyranny of Principles. *The Hastings Center Report* 11, 31–39.
- Toulmin, Stephen. 1986. How Medicine Saved the Life of Ethics. *New Directions in Ethics* (bls. 265–281). Ritstj. Joseph DeMarco og Richard M. Fox. New York: Routledge.
- van der Scheer, L. og Guy Widdershoven. 2004. Integrated empirical ethics: Loss of normativity? *Journal of Medicine, Health Care and Philosophy* 7, 71–79.
- Vilhjálmur Árnason. 2003. *Siðfræði lífs og dauða. Erfiðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu*, 2. útg. Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.
- Vilhjálmur Árnason. 2005. Sensible Discussion in Bioethics. Reflections on Interdisciplinary Research. *Cambridge Quarterly of Health Care Ethics* 14:3, 322–328.

- Vilhjálmur Árnason. 2012. The Personal is Political: Ethics and Personalized Medicine. *Ethical Perspectives* 19:1, 103–122.
- Vilhjálmur Árnason. 2013. Scientific Citizenship in a Democratic Society. *Public Understanding of Science* 22:8, 927–940.
- Vilhjálmur Árnason. 2014a. Lífþólitik í lýðræðissamfélagi. *Hugsmiðar. Um siðferði, stjórnmál og samfélag* (bls. 203–223). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Siðfræðistofnun.
- Vilhjálmur Árnason. 2014b. Réttlæti eða samstaða í heilbrigðisþjónustu? Norræn forgangsöröðun í ljósi kenningar Rawls. *Hugsmiðar. Um siðferði, stjórnmál og samfélag* (bls. 291–305). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Siðfræðistofnun.
- Warren, Mary Anne. 1973. On the Moral and Legal Status of Abortion, *Monist* 57, 43–61.
- Warren, Mary Anne. 1984. Postscript on Infanticide. *Today's Moral Problems* (bls. 135–136). Rittstj. Richard Wasserstrom. New York: Macmillan Publishing Co.
- WHO. 2008. World Health Organisation Commission on the Social Determinants of Health. *Closing the Gap in a Generation: Health Equity through Action on the Social Determinants of Health*. Genf: World Health Organization.

Abstract

How is Ethics Applied? Approaches, problems and challenges

In this article, the methodology of applied ethics is discussed, in particular in light of bioethics and ethics of health care. Drawing on the influential theory of Beauchamp and Childress, a distinction is made between three main approaches to moral analysis of ethical issues, they are described and critically evaluated. The three approaches chosen are application of moral theories and principles, analysis of situations and cases, and deliberation of moral judgments aiming at reflective equilibrium. It is argued that a modest use of moral theories and principles can be of help in ethical analysis, but the tyrannic tendency to apply them from above without sense for the subject matter has been damaging for applied ethics. The value of the second approach is seen to reside in a careful analysis of the facts of the cases under scrutiny, while its weakness lies in adherence to the norms of existing practices, lacking critical distance. It is argued that the third approach has ways to overcome the shortcomings of the other two approaches by sensibly combining the critical normative force of our common moral obligations with an evaluation of the features of the situation under moral consideration.

In the last section of the paper, critical reflections, the question is discussed, whether all these three methods suffer from a rather narrow approach to the subject matters of applied ethics and must be complemented with critical theoretical perspectives. Here I have in mind critical social theories that would enable applied ethics to analyse the issue in a wider sociopolitical context which mainstream approaches tend to lose sight of. These critical perspectives would bring to the fore the various special issues that are in the background of biotechnical research in contemporary society, the social discourses and the economy of hope

which shape public opinion on these issues, and the powers that stand in the way of democratic biopolitics. This invites “suspicious hermeneutics” which demands that in our attempts to understand the practices under scrutiny, we must uncover the social and cultural factors which prevent enlightened understanding of the dynamics at work in the fields of applied ethics.